



74. Fundur bæjarráðs Blönduóssbæjar
miðvikudaginn, 11. febrúar, 2004, kl. 17:30 á skrifstofu bæjarins.

Formaður bæjarráðs, Valdimar Guðmannsson, setti fund og stjórnaði honum. Mæting skv. undirskriftum.

1. **Atvinnumál.**
2. **Yfirlit frá Jöfnunarsjóði um útreikning tekjujöfnunarframlaga, útgjaldajöfnunarframlaga og hlutdeild í 400 m.kr. aukaframlagi á áinu 2003.**
3. **Fundargerð stjórnar ANVEST frá 23. janúar 2004.**
4. **Bréf frá umhverfisnefnd Alþingis.**
5. **Bréf frá Umhverfisstofnun.**
6. **Erindi frá Jónasi Skaftasyni.**
7. **Fjárhagsáætlun 2005-2007.**
8. **Önnur mál.**

Afgreiðslur:

1. **Atvinnumál.**
Fundur var í stýrihópi um atvinnumál í vikunni og gerði formaður bæjarráðs og bæjarstjóri grein fyrir þeim fundi. Rætt var um að brýnt væri að hópurinn hefði fjármagn til ráðstöfunar til að vinna viðskiptaáætlun / -áætlanir er lúta að matvælabænum Blönduósi. Bæjarráð samþykkir að veita stýrihópnum 500 þúsund kr. framlag til að ýta verkefni / verkefnum úr vör hið fyrsta.
2. **Yfirlit frá Jöfnunarsjóði um útreikning tekjujöfnunarframlaga útgjaldajöfnunarframlaga og hlutdeild í 400 m.kr. aukaframlagi á áinu 2003.**
Yfirlitið sýnir endanlegt framlag Jöfnunarsjóðs til sveitarfélagsins á árinu 2003. Lagt fram til kynningar.
3. **Fundargerð stjórnar ANVEST frá 23. janúar 2004.**
Fundargerðin er lögð fram til kynningar.
4. **Bréf frá umhverfisnefnd Alþingis.**
Send er til umsagnar tillaga til þingsályktunar um náttúruverndaráætlun 2004 – 2008. Ályktunin er lögð fram til kynningar.
5. **Bréf frá Umhverfisstofnun.**
Í bréfi Umhverfisstofnunar dags. 29. janúar sl. er það áréttað að skert endurgreiðsluhlutfall stofnunarinnar vegna refa- og minkaveiða ræðst af fjárveitingu Alþingis til málaflokksins. Því leggja starfsmenn stofnunarinnar áherslu á að skerðingin er ekki tilkomin frá stofnuninni sjálfri.



6. Erindi frá Jónasi Skaftasyni.

Í erindi Jónasar er gerð grein fyrir því mikla landbroti sem átti sér stað í óveðri sl. haust við Blöndubbyggð. Bæjarstjóra og tæknifræðingi er falið að kanna málið nánar.

7. Fjárhagsáætlun 2005-2007.

Bæjarstjóri lagði fram greinargerð og drög að áætlun 2005 – 2007. Farið var yfir drögin og ákveðið að leggja þau fyrir bæjarstjórnarfund nk. þriðjudag.

8. Önnur mál.

a) Bréf frá sýslumanni. Umsögn vegna leyfis um veitinga- og gististaði. Lúðvík Vilhelmsson f.h. KH hf. sækir um leyfir fyrir gistiheimili, skemmtistað og veitinga-/greiðasölu á Hótel Blöndu. Bæjarráð samþykkir leyfið.

b) Fyrirspurn til bæjarstjóra. Við afgreiðslu fjárhagsáætlunar 2004 á fundi bæjarstjórnar þann 16. desember sl. var samþykkt að endurnýja búnað og lagfæra aðstöðu fjarnema. Þarna var um að ræða metnaðarfulla ákvörðun samkvæmt tillögu starfshóps sem bæjarstjórn skipaði til þess að skoða og koma með framtíðartillögum um úrbætur. Staðan er sú í dag að fjárfest var í búnaði og liggur hluti hans enn ónotaður í kössum í kennslustofunni rúmum mánuði eftir að hann var keyptur. Þar þjónar hann engum tilgangi.

Það sem er ámælisvert í framgangi þessa máls er að fjárfest er í vörum og efni en ekki lokið við verkefnið og þar með er ekki verið að nýta fjárfestinguna sem til er stofnað. Hún virðist stöðvast í höndum starfsmanna sveitarfélagsins. Má ætla að hér sé eins og um sé að ræða hentistefnu á því hverju skuli ljúka og hverju ekki.

Það er ljóst að metnaðarfullar ákvarðanir bæjarstjórnar eru og hafa verið hunsaðar og óska ég eftir skriflegum skýringum á því hverju það sæti. Ágúst Þór Bragason.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 18:55.

Hjördís Blöndal (sign.)

Valdimar Guðmannsson (sign.)

Ágúst Þór Bragason (sign.)

Jóna Fanney Friðriksdóttir (sign.)